



### FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Fimmtudaginn 22. maí 2014, kl. 16<sup>00</sup>, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinn voru mætt: Vilhelm Harðarson, Svenny H. Hallbjörnsdóttir, Magnús B. Jónsson, Ari Jón Þórsson, Ingvar Gýgiar Sigurðarson, Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi og Hafsteinn Pálsson slökkviliðsstjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

#### 1. Mál til umfjöllunar skipulagsnefndar:

##### a) Staðfesting lóðamarka

Fyrir fundinum lágu tillögur að lóðamörkum:

- a. Hólabrautar 2, 4, 6 og 8.
- b. Fellsbraut 1 og 3.

Skipulagsnefnd staðfesti lóðamörkin.

##### b) Deiliskipulag Melstaðatúns.

Fyrir fundinum lá tillaga að skipulagsuppdraetti og greinargerð deiliskipulags fyrir Melstaðatún.

Tillaga og greinargerð falla að meginforsendum sem liggja fyrir í aðalskipulagi. Skipulagsnefnd samþykkti að framlögð tillaga verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og vísaði henni til sveitarstjórnar. Jafnframt verði óskað umsagnar Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Minjaverndar.

##### c) Jarðvegsmanir norðan Ránarbrautar

Fyrir fundinum lá uppdráttur af jarðvegsmönum norðan Ránarbrautar nr. 5 og 7. Tillaga að fyrirkomulagi og staðsetningu þeirra er samkvæmt ósk frá húseiganda Ránarbrautar 5. Skipulagsnefnd fór yfir uppdráttinn og samþykkti hann fyrir sitt leyti.

#### 2. Erindi til kynningar frá byggingarfulltrúa.

Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi lagði fram til kynningar eftirfarandi mál sem hann hefur afgreitt:

##### a) Ránarbraut 1, umsókn um byggingarleyfi.

Byggingarfulltrúi gerði grein fyrir þeim breytingum sem sótt hefur verið um vegna stækkunar á eigninni þar sem fyrirhugað er að byggja við húsið til vesturs um 5 metra. Byggingin verði um það bil 1 metra frá lóðamörkum. Ekki voru gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

##### b) Sunnuvegur 5, byggingarleyfi

Byggingarfulltrúi gerði grein fyrir þeim breytingum sem sótt hefur verið um vegna endurbóta og stækkunar á eigninni og tengingu bílskúrs við íbúðarhús. Ekki voru gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

##### c) Fjörubraut 9, umsókn um stöðuleyfi fyrir gám. Ekki gerð athugasemd við samþykki byggingarfulltrúa á stöðuleyfinu.



**3. Önnur mál**

Umræður urðu um ýmis mál en ekki gerðar neinar ályktanir.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 17<sup>00</sup>

Vilhelm Harðarson,

Svenný H. Hallbjörnsdóttir,

Magnús B. Jónsson,

Ari Jón Þórsson,

Ingvar Gýgjar Sigurðarson,

Bragi Þór Haraldsson,

Hafsteinn Pálsson

Björn Hallbjörnsson